

Kúagerði í Vatnsleysustrandarhreppi.
Efnasamsetning vatns úr holu KG-01

Magnús Ólafsson

Greinargerð MÓ-96-10

KÚAGERÐI Í VATNSLEYSUSTRANDARHREPPI

Efnasamsetning vatns úr holu KG-01

Þann 23. maí 1996 tók starfsmaður Orkustofnunar sýni af vatni úr holu KG-01 í Hvassahrauni, Vatnsleysustrandarhreppi. Holan er við norðurendann á svokölluðu "Stál-félagshúsi" í Kúagerði Sýnataka var gerð að beiðni Kristjáns Daðasonar hjá Krókskel. Niðurstöður efnagreininga á vatninu liggja nú fyrir og eru sýndar í töflu 1.

Tafla 1. Efnasamsetning vatns (mg/l)

Staður	Kúagerði KG-01
Dags.	96.05.23
Númer	96-0096
Dýpi (m)	19
Hiti (°C)	5
Sýrustig (pH/°C)	7,9/22
Leiðni ((μ S/cm)/°C)	14400/25
Kísill (SiO ₂)	15
Ál (Al)	0,004
Natríum (Na)	3270
Kalíum (K)	116
Kalsíum (Ca)	159
Magnesíum (Mg)	399
Karbónat (CO ₂)	53,5
Súlfat (SO ₄)	832
Brennisteinsvetni (H ₂ S)	0
Klóríð (Cl)	5830
Flúoríð (F)	0,32
Járn (Fe)	0,001
Uppleyst efni	11674

Holan reyndist vera um 20m á dýpt og botnhiti mældist 5°C. Efsti hluti holunnar er vera fóðraður með 1 1/4" galvaníseruðu röri, sem stendur um 75cm upp úr jörðu. Lok er á rörenda. Vatnsborð í holunni var mælt tvisvar samhliða sýnatöku þann 23. maí síðastlið-

inn, og reyndist það vera á 7,13m kl. 10:45 og á 7,30m kl. 12:00. Sýnataka fór fram milli kl. 11 og 12 á þann hátt að vatni var dælt upp í gegnum plastslöngu af 19m dýpi. Dæling nam um 0,2 l/mín.



Mynd 1: *Sýnataka úr holu KG-01*

Efnagreining vatnsins sýnir að það er nokkuð efnaríkt. Selta þess er 10,5 o/oo, sem er tæplega þriðjungur af seltu sjávar (35 o/oo). Styrkur járns er mjög lágur, sem er jákvætt ef nýta á vatnið til t.d. fiskeldis.

Ef frekari upplýsingar eða túlkun óskast, þá gjörðu svo vel að hafa samband við okkur á Orkustofnun.

Magnús Ólafsson